

Arctic Sea Farm hf.
Aðalstræti 20
400 Ísafjörður

Reykjavík, 28. júní 2021
UST202102-319/H.S.J.
08.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 28.5.21, hjá Arctic Sea Farm hf., Dýrafirði.

Þann 28. maí sl. fór fram eftirlit í fiskeldi Arctic Sea Farm Dýrafirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Tvær ábendingar voru gerðar í eftirlitinu en þrjú frávík komu fram er varða:

1. gr. 1.2 í þágildandi starfsleyfi. Eldi skal vera staðsett innan þess svæðis sem tilgreint er í viðauka II. Eldissvæði Haukadalsbót er utan þeirra punkta sem tilgreindir eru í starfsleyfi Arctic Sea Farm sem var í gildi við útsetningu seiða 2020. **Eldið er innan þess svæðis sem tilgreint er í nýju leyfi og frávíkinu er því lokað.**
2. gr. 1.2 í þágildandi starfsleyfi. Framleiðsluheimild rekstraraðila var takmörkuð við 2000 tonn á ári á eldissvæðinu við Eyrarhlíð. Árinu 2020 var slátrað 6814 tonnum upp úr svæðinu og framleiðsla því langt umfram heimild hvort sem litið er til 2000 tonna á almanaksári eða meðaltalsframleiðslu þriggja ára. **Nýtt starfsleyfi hefur tekið gildi sem tekur ekki til ársframleiðslu og frávíkinu er því lokað. Umhverfisstofnun bendir á að ávallt skuli haga framleiðsluáætlunum í samræmi við gildandi leyfi en ekki áætlaðar aukningar skv. óútgefnum starfsleyfum, þar sem ferli mats á umhverfisáhrifum og starfsleyfisútgáfa getur tafist umfram það sem áætlað er og rekstraraðila ber ávallt að starfa í samræmi við það starfsleyfi sem er í gildi á hverjum tíma.**
3. 1. mgr. 14. gr. og 2. mgr. 40. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfishafi skal upplýsa útgefanda starfsleyfis um fyrirhugaðar breytingar á starfsemi sem geta haft afleiðingar fyrir umhverfið, sem og að upplýsa eftirlitsaðila tafarlaust um það ef frávík verður frá starfsleyfis-skilyrðum og grípa tafarlaust til nauðsynlegra ráðstafana. Umhverfisstofnun var ekki tilkynnt um frávík er snýr að eldissvæði Haukadalsbót.

Arctic Sea Farm vill koma á framfæri þeirri athugasemd að óhóflegar tafir hafi verið á útgáfu nýs starfs- og rekstrarleyfis. Farið hafi verið yfir tímamörk á afgreiðslu samkvæmt lögum nr. 71/2008 um fiskeldi og reglugerð nr. 540/2020 um fiskeldi sem snúa að tímamörkum við afgreiðslu umsóknar og útgáfu leyfa. Áætlanir fyrirtækisins hafi tekið

mið af þessum tímamörkum og hefðu þau haldið hefðu skráð frávík ekki átt sér stað enda breytt ákvæði í nýjum eldisleyfum.

Eins og kemur fram hér að ofan bendir Umhverfisstofnun á að ýmsar ástæður geta verið á töfum á ferli mats á umhverfisáhrifum og útgáfu starfsleyfa. Rekstraraðili skal því ávallt haga framleiðsluáætlunum og rekstri í samræmi við það leyfi sem er gildandi á hverjum tíma. Stofnunin sér ekki að rekstraraðili hafi, við gerð framleiðsluáætlana, haft lögmætar væntingar um að búið yrði að gefa út stækkað starfsleyfi þegar slátrunin kynslóðarinnar við Eyrarhlíð færi fram. Stofnunin bendir einnig á að umsókn rekstraraðila um nýtt stækkað starfsleyfi barst í lok mars 2020. Kvíastæðið við Haukdalsbót var fært fyrir útsetningu seiða sumarið 2020, nokkru áður en rekstraraðili hafi getað haft lögmætar væntingar um breytt starfsleyfi á grundvelli málshraðaviðmiða Umhverfisstofnunar.

Frávíkin sem um ræðir standa því óbreytt frá skráningu þeirra í drögum að eftirlitsskýrslu og stofnunin leggur mikla áherslu á að rekstraraðili skuli ávallt starfa í samræmi við gildandi leyfi, upplýsa eftirlitsaðila tafarlaust um það ef breytingar verði á rekstri eða frávík frá starfsleyfi og skuli grípa tafarlaust til aðgerða sem séu til þess ætlaðar að ná fram reglufylgni.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 21. júlí 2021.

Virðingarfyllst

Hulda Soffía Jónasdóttir
sérfræðingur

Guðbjörg Stella Árnadóttir
sérfræðingur